

140
17. júlí

2. gr.
Innkaupaheimild sú, sem gefin var samkvæmt reglugerð nr. 97 12. maí 1945, sbr. auglýsingu ráðuneytisins sama dag, gildir aðeins til 1. ágúst, en ekki til 1. september.

3. gr.
Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 17. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

141
17. júlí

AUGLÝSING

um skömmtnun á erlendu smjöri.

Samkvæmt reglugerð, útgefinni í dag, löggildist hér með stofnauki nr. 5, sem fylgir skömmtnunarseðlum fyrir tímabilið 1. júlí til 1. október, sem innkaupaheimild fyrir einu ensku pundi (453 g) af erlendu smjöri, og gildir hann sem innkaupaheimild fyrir þessu magni til 1. nóvember n. k.

Verð þess smjörs, sem selt er gegn þessari innkaupaheimild, er kr. 6.50 hvert enskt pund (453 g).

Viðskiptamálaráðuneytið, 17. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

142
8. ágúst

AUGLÝSING

um kosningu alþingismanns fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

Þar sem Gísli Guðmundsson alþingismaður hefur sagt af sér þingmennsku sakir vanheilsu, er nú orðið autt sæti alþingismanns fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

Fyrir því er hér með, samkvæmt 135. gr. laga nr. 80 frá 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, skipað svo fyrir, að kosning skuli fara fram þriðjudaginn 18. sept. 1945 á alþingismanni fyrir Norður-Þingeyjarsýslu í stað hins fráfarra þingmanns, og er framboðsfrestur útrunninn 17. þ. m.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. nefndra laga er mælt svo fyrir, að auglýsingarfrestur sá, er getur í málsgreininni, skuli falla niður og samkvæmt heimild í 23. gr. sömu laga er enn fremur frestur sá, er getur í 1. mgr. 19. gr. laganna, stytur þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 5 vikum fyrir kjördag.

Loks styttestími sá, er kjörskrár eiga að liggja frammi, þannig að hann verður 2 vikur, sbr. 3. mgr. 19. gr. kosningalaganna.

Þetta er hér með birt öllum þeim, sem hlut eiga að máli, og hefur verið lagt fyrir **142** hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosningu þessa og sjá um, að hún fari **8. ágúst** fram lögum samkvæmt.

Í dómsmálaráðuneytinu, 8. ágúst 1945.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

143

14. ágúst

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínskammtur bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. september til 31. desember 1945:

A. Fólksbifreiðir:

1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8200	lítrar.
2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutninga- bifreiðir	4100	—
3. Leigubifreiðir þær, sem uppfylla ákveðin skilyrði	2500	—
4. Einkabifreiðir:		
a. Læknabifreiðir	800	—
b. Almenn stærð, 5—6 manna	400	—
c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	300	—
d. Bifhjól	60	—

B. Vörubifreiðir:

1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	2900	—
2. Vörubifreiðir, 1½ tonn	2100	—
3. Vörubifreiðir, ¾ til 1¼ tonn	1400	—
4. Vörubifreiðir, smábifreiðir	700	—

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmtunarhefti til annarra nota en bifreiða-aksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Benzínskömmtunarmiðar frá fyrri skömmtunartímabilum falla úr gildi 1. september þ. á.

4. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannlutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. ágúst 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.